11. Hugleiðingar um áfengismál í tilefni af ummælum Morgunblaðsins "Úr daglega lífinu". 16.apríl 1943.

---

2 blöð fol. Merkt: "Njörður í Nóatúnum"

„Úr daglega lífinu" fræddist ég þó vizku síðastl. föstudag (16. apríl), að í „skipulagi, sem er í áfengismálunum" sé allt í lagi. Það má teljast ágætt eftir ástæðum," segir hinn alkunni ritningur. Þótt þetta sé „ágætt," er ekkert við það að athuga – nema verðið: það er allt að 100% of hátt. Ég er á sama máli, því þegar maður verður að standa í fúlum forarpolli: upp fyrir ökla frá því kl. 5 á hverjum morgni fram yfir dagmál, missa af 30 krónunum of dagkaupi sínu til þess að fá þennan dýrmæta „miða", og í ofanálag verður að skríða úr forarpollinum útsteyptur í kláða, með helfrosin á báðum fótunum og kuldapolla, vellandi af graftarígerðum, má ekki bæta á þessar raunir mínar og annarra með því að selja manni löggina of dýrt eða með uppsprengdu verði, eins og t.d. Hotel Borg gerir, er leggur á þessar lífsnauðsynjar vorar 100%, selur whiskyflöskuna á 90 upp í 100 krónur" o.s.frv. Skárri er það nú viðskiptakjörin!

„Þjóðin vill að mönnum sé leyft að kaupa áfengi"... Þjóðin vill ekki fá aftur landa-bruggið og smyglið". Það getur staðið, að þjóðin vilji þetta ekki, en ég vil það, og því var hent, að ég o.fl. andlæmingar, þ.á m. maðurinn í „daglega lífinu", bárust höfum það, að ég o.fl. andlæmingar, m.fl. með bruggið og smyglið, eins og benjumst um fyrir því, að þetta skipulag komst á, o.fl. með bruggið og smyglið, eins og það var skipulagt með innflutningi Spánarvínanna forðum. Það þarf að koma því skipulagi á aftur. Það gafst svo vel, eins og allar aðrar ráðstafanir okkar andbanninga hafa jafnan gefist. Þetta var „úr daglega lífinu" þá, og við viljum fá það í það aftur.

HR Tíma

Eða skyldi ekki Löggjafan óska þess og þykja „skipulagið ágætt", að öðru leyti en þessu, að nú er „landabruggið og smyglið" næstum horfið nema í öðrum hverjum bæ. Eða skyldi ekki foreldrum barnanna þeirra, sem keyrð eru á „Steininn", þykja skipulagið ágætt? Eða þá fangavörðunum, sem var að lýsa því í útvarpinu í gærkvöldi. Var hann ekki ánægður með það, og þótti honum það ekki „ágætt" eins og öðrum, sem lifum „daglega lífinu"? Það er dásamlegt, að vér eigum við þjóðholla menn og mannúð er framandi, sem telja sig þess eina umkomna að leiða þjóðina á réttum leiðum, menn, sem finna, hvernig skipulagið er ágætt, en sjá þó hinsvegar hinn eina galla sem á því er: Hvers vegna löggin er dýr. Menn bera ekki ofþví að borga hana allt að 100% meira en hún er verð, í því og þótt þorstinn sé brennandi og ástríðan óstöðvandi.

Skipulagið er ágætt, væri löggin ekki seld svona fjandi dýrt. Á þessu þarf að fá betra skipulag og vona ég að svo miklum vitmanni, sem hann er, maðurinn í „daglega lífinu", fái kippt því í lag. Löggjafan hlýtur að styðja hann í þessu, foreldrar barnanna og fangavörðurinn, m.ö.o. allir þeir, er mest eiga um málþessi að fjalla og sjá því sennilega ekki að sjá, hversu skaðlegar allar hálmanir eru og bannlaunin, sem lagðar eru á almenning, eða þjóðina, sem vill að mönnum sé leyft að kaupa áfengi", „landabrugg og smygl." Ef verðið væri niðrað við þarfir manna, væri „allt í lagi."

Njörður í Nóatúnum.

Morgunblaðið segir í dag: „...Opinberlega er áfengissalan ekki opin, en það er alls ekki keppikefli, að menn geta fengið undanþágur, og þarf tilefnið ekki að vera mikið. Í sjálfu sér er ekki rétt að segja við þær skipulag, sem er á áfengismálunum. Það má teljast ágætt eftir atvikum." ... „En verðið" ... bætir blaðið við og ber sig aumlega. Það er von: Menn hirða sjaldan að sjá af sínum aurum, þótt um brennandi þorsta og óstöðvandi ástríðu sé að ræða, því það veldur buddunni þeirra enn meiri sársauka, sérstaklega ef þeir verða að standa í forarpolli upp fyrir ökla allan fyrri hluta dagsins fyrir framan ráðaleysunnar og bíða eftir því að fá löggina með 100% álagi frá verði áfengisverslunarinnar og þess er getið, að „á Hótel Borg kostar whiskyflaskan frá 90 upp í 100 krónur og verð á öðru áfengi er eftir því." – Þetta kalla ég nú ekki „ágætt skipulag", því þegar upp úr forarpollinum er komið, er maður útsteyptur í kláða, með kalsfinur í báðum fótum og kuldabólga, vellandi af ígerðum og greftri og fer svo ekki fremur dýpra meðal manna með uppsteyptu verði. Skárri eru það nú villidýrskjörin! „Þjóðin vill að mönnum sé leyft að
HH kaupa áfengi," segir þessi sami höfundur og bætir svo þessu við: „Þjóðin vill ekki fá aftur landabruggið og smyglið". Hér hefir honum sést yfir að bæta þessum fáu orðum við: „Sem ég og aðrir embættismenn leiddum inn í landið með Spánarvínunum og afnámi bannlaganna". Hefði hann bætt þessu við, var það sannleikur, sem hann átti síst að gleyma.

Annars er greinin afskaplega merkileg og svarar sig í ættina; þeir eru ekki á hverju strái, mennirnir, sem tala svari Bakkusar gamla, þegar svona er að honum þrengt, eins og „skipulag það, sem er á áfengismálunum" gerir, þótt segja megi, að það sé „ágætt eftir atvikum".

Skyldi löggæsluþjónunum ekki þykja það ágætt? Foreldrunum ungra meyja og drengja, sem keyrð eru í steininn og stolið hafa frá mönnum [illegible] áhrifum víns. Skyldi þeim ekki þykja skipulag áfengismálanna ágætt? Eða þá fangaverðinum, sem var að lýsa þessu í útvarpinu í gærkvöldi. Var hann ekki ánægður með það, og þótti honum það ekki ágætt?

Jú, það er bara ágætt, ef það væri ekki svona fjandi dýrt, og væri hin mesta þörf á að fá betra „skipulag" á því; menn bera ekki af því að fleygja svona miklum peningum í áfengi, þótt þá langi til þess að komast í steininn fyrir ýmsa ósóma óknytti sem þeir líta ekki við að fremja, nema undir áhrifum þess. Sjá menn nú ekki hversu nauðsynlegt það er, að koma á betra „skipulagi" í þessu máli? Greinarhöfundurinn sér það, og honum var trúandi til að vekja máls á þessu, slíkur mannúðarmaður sem hann er. Honum líkar ekki skipulagið sem best, þótt hann segi að það sé ágætt! Aðgangurinn er enn ekki nógu greiður, verðið er of hátt! Annars er „allt í lagi"!

16.-4.-'43. Njörður í Nóatúnum.